

Sigursteinn Másson í Speglinum:

Flokkka fólk ekki eftir kynhneigð

– Íklega hættur í fréttamennsku

Á visir.is hóf nýlega göngu sína nýr vefur undir nafninu Speglinn. Fastur liður þar í viku hverri er viðtal sem er þannig byggt upp að notendur senda viðmælendum spurningar sínar og þannig verður viðtalið til á nokkuð sérstæðan hátt.

Í síðustu viku varð til slíkt Spegilviðtal við Sigurstein Másson, fréttamann og höfund heimildarmyndra, og er fróðlegt að sjá hvað lesendur visir.is fýsir að vita um hann og lífsviðhorf hans.

Hvers vegna geðvernd?

Hvernig kom það til að þú fórst að starfa við geðvernd?

„Ég kynntist fyrir tæpum tveimur árum skemmtilega biluðum manni sem hafði merkilegar hugmyndir um nýjar áherslur í geðheilbrigðismálum. Saman þróuðum við fýrar hugmyndir og í október í fyrra stofnuðum við sjálfshjálparhóp fólks með geðhvörf. Á síðasta aðalfundi Geðhjálpar hlaut ég mjög góða kosningu inn í stjórn Geðhjálpar og er orðinn þar varaformaður og þessi vinur minn, sem heitir Héðinn Unnsteinsson, er verkefnisstjóri Geðræktarinnar, stærsta geðheilbrigðisverkefnis sem ráðist hefur verið í.“

Geðræktin er einstakt verkefni á alþjóðavísu, þar sem landlæknir og Landspítali taka höndum saman við grásrótsamtök eins og Geðhjálp um vitundarvakningu, fræðslu og forvarnir.“

Engir fordómar!

Hvernig viðmóti finnst þér þú hafa mætt eftir að þú sagðir frá eigin geðheilbrigðisvandamálum?


„Ég hef sjálfur ekki fundið fyrir neinum fordómum, enda held ég að stórf min í fjölmiðlum hafi eitthvað um það að segja. Ég hef verið svo heppinn að stórf min hafa verið sýnileg og að sjúkdómur minn hefur aldrei bitnað á vinnunni. Ég held líka að lykkillinn að því að samfélagi taki mann í sátt sé að maður sé heiðarlegur og hreinskilinn um það sem fólk hefur áhuga á, hvort sem það er samkynhneigðin eða geðhvörfin.“

Öryggisleysi varð að hröðslu

Hvenær og hvernig fannst þú fyrst fyrir einkennum þinnar geðveiki?

„Það var í október 1996. Ég var þá að vinna að þáttum um Geirfínns- og Guðmundarmálin og tók mjög nærri mér það hörmungarmál. Ég hafði selt þættina til sýninga á RÚV og var rekinn af Stöð tvö eftir sjö ára starf hjá Íslenska útvarpsfélaginu. Um sama leyti fór í gang atburðarás sem ég hef hugsað mér að kryfja síor. Samanlagt olli þetta algjör öryggisleysi hjá mér sem þróaðist í sjúklega hröðslu. Þannig var ég fyrst greindur með geðhvörf en ég sátti mig engan veginn við það í byrjun.“

Telur þú að álagið sem á þér hvaldi þegar þú veitist sé orsökinn fyrir veikindunum eða að það eitt hafi valdið því að veikindin hafi skotið upp kollinum, e.t.v. fyrr en annars? „Þetta get ég aldrei vitað með vissu. Það sem er klárt er að geðsjúkdómur, geðhvörf og aðrir sjúkdómur skjóta upp kollinum vegna erða og umhverfis. Geðlæknirinn minn telur mjög ólíklegt að ég hefði nokkur sinni veikst ef ég hefði sleppt Geir-



Sigursteinn Másson er þekktur fréttamaður og höfundur heimildarkvikmynda. Hann hefur ekki síður vakið athygli sem talsmaður samtaka á borð við Geðhjálp sem hann hefur helgað krafta sína að undanförmu.

fínns- og Guðmundarmálinu. Það þýðir samt ekkert að velta sér af mikli upp úr þessu. Þeir hjá Íslenski erfðagreiningu telja sig geta fundið genin sem valda geðklofa og væntanlega geðhvörfum líka. Það vekur óttablandnar tilfinningar hjá mér því ég sjálfur hefði alls ekki viljað að missa af þeirri reynslu að verða geðveikur. Ég tel þá reynslu hafa þroskað mig mikið. En það skiptir mig meira máli að halda sjúkdómnum í skefjum með lyfjum og hollu lífni þannig að ef uppgötvanir vísindamanna einskorðast við að finna betri lyf og meðferðarúræði, en ekki að krúkka í gen, þá verð ég fremstur í klappliðinu þeirra.“

Geðveikt er jákvætt og neikvætt

Hvernig er staðið að börnum sem eiga foreldra er eiga við geðræn vandkvæði að stríða? Eiga þau ekki á hættu að lenda í einelti eða öðrum slíkum erfðileikum sökum heimilis- aðstæðna ef foreldri er mikið veikt? „Eins og allir vita geta börn verið sérstaklega grimm, án þess að gera sér meina grein fyrir afleiðingum gjörða sinna. Eitt af okkar verkefnum í upphafi nýrrar aldar er að fræða börn í grunnskóla um geðsjúkdóma og geðheilbrigði og verður Geðræktin með sérstakt átak í sambandi við það. Orðið geðveikt er bæði jákvætt og neikvætt í hugum

krakkanna. Geðveikt fót og blómyndir er eitthvað mjög flott en geðveikt fólk síður. Okkar markmið er að koma jákvæðri, fordómalausri umræðu inn í alla skóla, stofnanir og vinnustaði sem bætir geð landsmanna til lengri tíma.“

18–23 milljarðar

Nú hefur mikil vitundarvakning um geðheilsu manna átt sér stað og mætir menn staðið á bak við baráttu. Fáði þjóð nægilegt fjármagn til þessa máls frá hinu opinbera? eða mætti hugsa betur um þann flokk sem svo margir fylla og líða fyrir. „Það hefur verið áætlað að geðræskanir kosti samfélagið 18 til 23 milljarða króna á ári í töpuðum vinnustundum, meðferð og lyfjum. Þetta eru gríðarlegar fjárhæðir. Spurningin er góð og gild því öflug við öll nágrannalöndin kosta einka-aðilar 85% af geðræskunni sem m.a. er ætlað að lækka þennan þjóðfélagslega kostnað verulega með almennri vitundarvakningu. Annars staðar í Evrópu eru kostnaðarhlutföllin algæg á hinn veginn. Við erum glöð og þakklát fyrir þátt einka aðila í atakinu en finnst ekkert eðlilegra en að hið opinbera komi mun ákveðnar að málinu. Geðræskanir eru eit alvarlegasta og útreiddasta heilsumsvandamál þjóðarinnar og það er kominn tími til að við hörfumst í augu við það af fullri alvöru.“

Ertu hættur?

Ertu nokkuð hættur að vinna við fréttamennskuna og hvað er það eftirminnilegasta sem þú hefur lent í sem fréttamaður?

„Ég held að það eftirminnilegasta hafi verið að starfa í Kosovo 1998. Við komum þangað skömmu eftir að fjöldamorð serbnesku öryggisveftanna hófust og það var mikill ótti og spennan sem lá í loftinu. Við fórum í þorpið Prekaz sem var ekkert nema rústir einar eftir stórskotalíðsárás Serba. Af um hundrað og fimmtíu íbúum höfðu hundrað verið dreppnir. Þegar við höfum uppi á albanskri fjölskyldu sem komst lífs af úr hörmungunum og ég fór að kynna þeim breytti það lífi mínu og því hvernig ég lit á hlutina. Það var líka eftirminnilegt að upplifa valdarán í Guatemala 1993 en af innlendum atburðum hefur vinnan við þættina um Geirfínns- og Guðmundarmálið haft mest áhrif á mig.“

Ég hef starfað og numið fréttamennsku í þrettán ár eða frá því ég var tívitur. Eitt hef ég lært að allt hefur sinn tíma í lífinu. Líklega er ég hættur fréttamennsku en heimiladpáttagerð á enn stóran hlut í mér. Ég held að ég hafi verið góður fréttamaður en betri dagskrágerðarmaður. Það svið finnst mér mjög spennandi og margt ógert þar á Íslandi.“

Fordómar báðum megin

Hvort þótti þér erfðara að koma fram sem samkynhneigður karlmaður eða að ræða opinskátt um geðræn vandkvæði þín? Hvar eru fordómarnir sterkari?

„Fordómarnir eru báðum megin. Þegar ég var að átta mig á samkynhneigð minni fyrir tíu árum vissi ég um þrjá homma í Reykjavík og fannst þeir skrytnir. Ég hugsaði oft um að ég væri betur kominn dauður en í þeirra hópi. Námstíminn minn í París, þegar ég var 25/26 ára, varð mér hugljómur og styrkur til að standa uppréttur eins og ég er í þessu samfélagi. Fordómarnir hafa á þessum örfáu árum minnkað mjög á Íslandi. Ég mundi segja að það væri á margan hátt erfðara að bera geðsjúkdóm á bakinu á Íslandi en samkynhneigð í dag. Vandinn er að fólk veit svo lítið um geðsjúkdóma. Það gerir sér enga grein fyrir því að læknirinn, lögfræðingurinn, stelpa í sjöppunni og þingmaðurinn sem brosir alltaf í sjónvarpinu eru öll með geðsjúkdóma. Það eru meira en 50.000 manns á Íslandi sem berast við geðræskanir en vegna eigin fordóma og annarra eru flestir í felum. Hommarnir eru komnir út úr skápnám á Íslandi en fólkíð með geðsjúkdómum er lengst inni í þeim.“

„Gay-senan“ í Reykjavík

Starfar þú með samtökum samkynhneigðra? Og hvernig er þeim háttað? „Ég hef verið felagi í Samtökunum 78 en ekkert starfað innan þeirra. Samtökin 78, sem eru samtök homma og lesbia, eru með aðsetur á Laugavegi 3 og eru með opið hús frá klukkan 20.00 mánudaga og fimmtudaga. Þarna er mjög fínt bókasafn og myndbandsleiga og snyrtilegur kaffibar. Ég fer þangað stundum til að fá lánaða bók, myndband eða í kaffi og kiki þá hverjir eru á staðnum. Þarna er á fimmtudagskvöldum alls konar fólk, stelpur og strákar á ýmsum aldri og oft mjög skemmtilegt andrúmsloft. Eftir að Spotlight og nú Mannsbær komu til sögunnar er „gay“-senan um helgar í Reykjavík og verða nokkuð góð.“

Lopapeysan best

Umengst þú samkynhneigða meira en gagnkynhneigða? Segðu mér – finnst þér mikill munur vera á fólki eftir því hvernig kynhneigð þess er? Þegar fólk er nýkominn úr skápnám leggur það sig þá ekki fram um að umgangast sína líka?

„Ég flokka fólk ekki eftir kynhneigð heldur eftir því hvort mér finnst gott að umgangast það eða ekki. Ég umgangst gagnkynhneigða miklu meira en samkynhneigða einfaldlega af því að samkynhneigðir eru í miklum meiriluta. Það er hins vegar rétt að eftir að maður gerir sér grein fyrir því að maður er samkynhneigður þá er það manni nauðsynlegt að eiga sameypt við fólk sem dellir svipuðum tilfinningum. Þess vegna finnst mér gott af og til að sækja staði sem eru fyrir samkynhneigða hér heima og erlendis.“

Þú ert alltaf svo fjárir töff í tainu – hvar kaupirðu helst fót? „Ég er alls konar í tainu og eyði ekki miklum tíma í að hugsa um það. Ég kaupi mjög sjaldan fót en þá sjaldan ég geri það nota ég tækifærið í út-löndum. Hér heima hef ég verslað í Sand, GK og hjá Sevari en í vöðri eins og er núna kemur þykka lopapeysan hennar mömmu sér best.“